



## Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Tálknafjarðarhrepp árið 2016

Reglur um afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi til elli- og örorkulífeyrisþega í Tálknafjarðarhrepp.

### 1. gr.

Fasteignaskattur og fráveitugjald af íbúðarhúsnæði í eigu tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega í Tálknafjarðarhrepp sem þeir nýta sjálfir, skal lækkaður eða felldur niður samkvæmt heimild í 4.mgr. 5.gr. laga nr 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

### 2. gr.

Til að njóta afsláttar þarf að uppfylla annað hvort:

- a) vera 67 ára á næsta ári á undan álagningarári eða
- b) hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir 1. janúar 2015.

### 3. gr.

Veittur verður afsláttur af fasteignaskatti til þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem eiga lögheimili í og eru þinglýstir eigendur viðkomandi fasteignar og/eða geti á rétt á vaxtabótum vegna hennar skv. B-lið 68.gr.laga nr. 90/2003 um tekju og eignaskatt. Einungis er veittur afsláttur vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Miðast afslátturinn við eftirfarandi tekjumörk liðins árs :

a) Ef um er að ræða **einstaklinga**;

- með brúttótekjur undir 2.847.000 kr. getur niðurfelling orðið 100%
- með brúttótekjur milli 2.847.001 - 3.560.000 kr. getur niðurfelling orðið 70%

b) Ef um er að ræða **hjón**;

- með brúttótekjur undir 3.928.000 kr., getur niðurfelling orðið 100%
- með brúttótekjur milli 3.928.001 - 4.998.000 kr. getur niðurfelling orðið 70%

Við álagningu fasteignagjalda er afslátturinn reiknaður út frá álagningu 2015 vegna skatttekna 2013.

### 4.gr.

Örorkulífeyrisþegar fá afslátt samkvæmt 3.gr. gegn framvísun á örorkuskírteini.

**Indriði Indriðason**  
sveitarstjóri